NES FRÉTTIR

APRÍL 2015 • 4. TBL. • 28. ÁRG.

AUGLÝSINGASÍMI
511 1188

Vesturbæjarútibú við Hagatorg

Seltjarnarnesbær skilaði 434 milljóna afgangi

Rekstrarniðurstaða Seltjarnarnesbæjar er mun betri en áætlanir gerðu ráð fyrir. Samkvæmt samanteknum ársreikningi bæjarfélagsins fyrir árið 2014 varð rekstrarniðurstaða bæjarins jákvæð um 434 milljónir króna en áætlun gerði ráð fyrir rekstrarafgangi upp á aðeins 12 milljónir króna. Meginskýringin á þessari góðu niðurstöðu eru að tekjur urðu hærri en áætlun gerði ráð fyrir. Í frétt frá bænum segir að góð rekstrarafkoma ársins styrkir enn frekar trausta fjárhagsstöðu bæjarins og endurspeglar þann stöðugleika sem ríkt hefur við stjórn bæjarins á liðnum árum.

Heildarskuldir og skuldbindingar námu alls 1.539 milljónum króna í árslok og lækkuðu um 161 milljónir króna á árinu. Hreint veltufé í árslok nam 958 milljónum króna og hækkaði um 365 milljónir frá fyrra ári. Veltufjárhlutfall var 4,2 í árslok 2014 (2013: 1,8). Skuldahlutfallið lækkaði milli ára úr 55% í 45%, sem er með því lægsta á landinu. Ásgerður Halldórsdóttir, bæjarstjóri kveðst að vonum ánægð með þessa jákvæðu niðurstöðu.

„Já – ég er afar ánægð að geta lagt fram ársreikning fyrir árið 2014 með svo góðri rekstrarniðurstöðu og sterka fjárhagsstöðu. Þennan árangur vil ég ekki síst þakka frábæru starfsfólki bæjarins og miklum aga í rekstri.“

Áframhaldandi fjölgun – meiri tekjur

Íbúum hefur fjölgað síðastliðin þrjú ár og nam fjölgunin 0,9% milli áranna 2013 og 2014. „Áframhaldandi fjölgun íbúa mun treysta tekjustofna bæjarins, stuðla að betri nýtingu innviða og styrkja þá viðleitni að halda álögum á bæjarbúa jafnan í lágmarki,“ segir Ásgerður. Í lykiltölum kemur fram að skatttekjur á árinu 2014 námu 568 þúsund krónum á íbúa og skuldir á íbúa í árslok 2014 námu 122 þús. kr. Til samanburðar námu meðalskuldir á íbúa höfuðborgarsvæðisins í árslok 2013 1.730 þús. kr. eða 10 sinnum meira en á íbúa á Seltjarnarnesi.

SELTJARNARNESBÆR
www.seltjarnarnes.is

24 Hagkaup
OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
á Eiðistorgi

Slökkvitækja-þjónustan
☎ 564 1433
Bakkabraut 16 • 200 Kópavogur
Fyrir heimili - húsfélög - fyrirtæki
Úrval slökkvitækja. Leitið tilboða!

græn heilsa
lífræn heilsuverslun
Ægisíða 121
facebook.com/graenheilsa

20 ára afmæli samkeppni í bílaskoðun
Aðalskoðun
Reykjavík Skeifunni 5 Sími 590 6930

Góð þjónusta – Hagstætt verð
Afgreiðslutími:
Virka daga: kl. 9-18:30
Laugardaga: kl. 10-16
Reykjavíkur Apótek
Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is

Þú getur tengst Netbankanum þínum í gegnum farsímann.
Skannaðu kóðann til að sækja „appið" frítt í símann.
Þú færð nánari upplýsingar á www.islandsbanki.is/farsiminn

Hafðu bankann með þér
Íslandsbanki

NES FRÉTTIR

www.borgarblod.is

ÚTGEFANDI: Borgarblöð, Eiðistorgi 13-15, 170 Seltjarnarnes, Pósthólf 172. **S: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298**
RITSTJÓRI: Kristján Jóhannsson • **ÁBYRGÐARMAÐUR:** Kristján Jóhannsson • **BLAÐAMAÐUR:** Þórður Ingimarsson
UMBROT: Valur Kristjánsson • **NETFANG:** borgarblod@simnet.is • **HEIMASÍÐA:** borgarblod.is
Nesfréttir koma út mánaðarlega og er dreift frítt í hvert hús á Seltjarnarnesi

Leiðari

Fleira fólk – meiri tekjur – og hjúkrunarheimili

Ánægjuleg tíðindi reka stundum á fjörur fréttamanna. Að þessu sinni barst inn á borð Nesfrétta fregn um að rekstur Seltjarnarnesbæjar hafi verið liðlega 434 milljónum króna betri á liðnu ári en fjárhagsáætlun þess sama árs gerði ráð fyrir. Hvað gerðist? Reiknuðu bæjaryfirvöld vitlaust þegar þau unnu að gerð fjárhagsáætlunarinnar eða varð eitthvað annað til þess að bæta rekstur bæjarfélagsins.

Líklegt má telja að varfærni hafi gætt við gerð fjárhagsáætlunarinnar enda rekstrarumhverfi erfitt þegar áætlunin var unnin. Um þá varfærni er ekkert annað en gott að segja. Lagt er að sveitarstjórnum að sýna gætni í fjármálum og eiga sér borð fyrir báru beri bráðan eða ófyrirsjáanlegan vanda að.

Þau umskipti sem orðið hafa á Nesinu og koma nú fram í bættum rekstri bæjarfélagsins eru hærri tekjur. Þær koma til vegna þess að fólki er farið að fjölga á ný. Um árabil virtist lítill eða enginn áhugi fyrir fjölgun Seltirninga og kom það meðal annars fram í tregðu við að skipuleggja ný byggingasvæði og einnig að með skipulagi yrði liðkað til fyrir minni og ódýrari íbúum sem hvetja yngra fólk til þess að setjast að þar sem slíkt húsnæði er að finna.

Ný byggingasvæði hafa nú verið skipulögð á Nesinu og fjölbreytni íbúðarhúsnæðis aukin. Búið er að samþykkja bygginguna sem á að rísa upp á Hrólfsskálamel 1 til 5 og er byggingarverktakanum ekkert að vanbúnaði að hefjast handa. Byggingarreiturinn í Bygggörðum bíður og þar munu rísa hús innan tíðar. Yngra fólk er því farið að leita eftir að eignast húsnæði á Seltjarnarnesi nokkuð sem tæpast var í boði um tíma. Ekki er nægjanlegt að styrkja innviði, laga veitur og götur og efla skóla- og frístundastarf ef fólkið vantar. Og fólkið kemur ekki á meðan húsnæði er ekki fyrir hendi.

Sú stefnubreyting að fjölga byggingarreitum á Nesinu og bjóða fjölbreyttara íbúðarhúsnæði er þegar farin að skila sér sem hagnaður í rekstri bæjarfélagsins. Og að sögn Ásgerðar Halldórsdóttir bæjarstjóra á að hefja framkvæmdir við byggingu hjúkrunarheimilisins á komandi hausti. Allt þetta eru ánægjuleg tíðindi.

rafmagn@mi.is

Geri við allar tegundir startara, alternatora, beinar innspýtingar, rafmagn í bílum og bátum.

Sævar
Bíla- og bátarafmagn
Sími 561-1466 - Kirkjubraut 13, Seltjarnarnesi

Öldungaráð og félag eldri borgara á Seltjarnarnesi

Undirbúningsnefnd til stofnunar öldungaráðs á Seltjarnarnesi hefur verið sett á fót og hefur nú komið saman á einum fundi. Öldungaráð er hugsað sem tengiliður milli kjörinna fulltrúa sveitarfélags og félags eldri borgara bæjarfélagsins. Verkefni öldungaráðs bæjarins mun öðru fremur felast í því að móta stefnu bæjarins í málefnum aldraðra og takast á við þau verkefni sem fyrir liggja í því skyni að bæta aðbúnað og þjónustu við þennan hóp íbúa. Á fyrsta fundinum var einnig rætt um það að hefja skyldi undirbúning að stofnun félags eldri borgara á Seltjarnarnesi og í framhaldinu yrði stofnað öldungaráð.

Stofnun öldungaráðsins má rekja til íbúaþing um málefni eldri bæjarbúa á Seltjarnarnesi sem fjölskyldunefnd Seltjarnarness boðaði til í Félagsheimili Seltjarnarness laugardaginn 28. mars síðastliðinn. Á fundinum var m.a. leitað svara við því hvernig Seltjarnarnesbær geti skarað fram úr í málefnum eldri bæjarbúa almennt séð. Einnig var varpað fram spurningum um hver aðkoma sveitarfélagsins, félagasamtaka og íbúa sé til að markmiðum verði náð. Þátttakendur mynduðu níu hópa með borðstjóra, sem stjórnaði umræðunni og skráði niður helstu niðurstöður. Í kjölfar íbúafundarins í aprílbyrjun kom fram mikill áhugi á að stofna öldungaráð innan sveitarfélagsins. Kannanir Capacent meðal sveitarfélaga á landinu hafa sýnt fram á að ánægja aldraðra íbúa á Seltjarnarnesi mælist sú hæsta á landinu. Það er staðreynd að öldruðum á Íslandi er að fjölga og með hinu nýja ráði vill Seltjarnarnesbær tryggja íbúum öruggt ævikvöld og ekki síður að virkja þann kraft og þá auðlind sem í þessum hópi bæjarbúa býr.

Nesbúinn

Manni fer að hlakka til að verða gamall!

Brakandi góð og vel bökuð súrdeigsbrauð að hætti Jóa Fel

Steinbökuð hollustubrauð með heilkorni.

Enginn viðbættur sykur!

Kóngabrauð, gróft súrdeigsbrauð
með heilkornamjöli (án hvíts hveitis)

Nýtt – Toscana, súrdeigsbrauð
með heilkorna hveiti

Sveitabrauð, dökkt
súrdeigsbrauð
með heilkorni og rúgi

Jói Fel

Holtagarðar & Smáralind & Kringlan & Garðabær & Hringbraut

Gamla plastverksmiðjan rifin í sumar

Seltjarnarnesbær hefur nú samþykkt niðurrif gömlu plastverksmiðjunnar þar sem Borgarplast var til húsa að Sefgörðum 3 enda er mannvirkið víkjandi samkvæmt gildandi deiliskipulagi.

Að sögn Þorsteins Inga Garðarssonar sölu- og þróunarstjóra hjá Landey er gert er ráð fyrir að húsið verði rifið í sumar. „Við teljum það orðið tímabært að rífa húsið enda virðist fullur hugur hjá Seltjarnarnesbæ að sjá uppbyggingu íbúðabyggðar á svæðinu verða að veruleika.

Listamaður og lögfræðingur í Gallerí Gróttu

Fyrr í þessum mánuði opnaði Tryggvi Þórhallsson listamaður og lögfræðingur hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga sýningu í Gallerí Gróttu sem ber yfirskriftina Apríl er grimmastur mánuða.

Á annað hundrað manns sóttu sýningaropnunina en á sýningunni er að finna vatnslitamyndir af völdum stöðum á Suðurlandi. Tryggvi lauk námi frá Myndlistar- og handíðaskóla Íslands árið 1988 en hóf ekki að sýna fyrir alvöru fyrr en árið 2010, tuttugu og tveimur árum eftir útskrift. Upp frá því hefur hann að jafnaði haldið tvær sýningar á ári. Aðgangur er ókeypis og er sýningin opin mán.-fim. kl. 10-19 og föst. 10-17. Sýningin stendur til 8. maí.

MUNIÐ HREINSUNARDAGINN
LAUGARDAGINN 9. MAÍ

Baldur Gunnlaugsson kynnir moltugerð -
Steinunn Árnadóttir garðyrkjufræðingur gefur góð ráð.
Opið á Eiðistorgi mill 10 og 14.

Umhverfisnefnd Seltjarnarness

Eggs Benný
Morgunmatur„inn"
Önd og vaffla
Súrdeigs „toast" og serrano
French toast
Pönnukökur og ber
Ekta belgísk vaffla

ÞÚ VERÐUR AÐ PRÓFA

HELGAR REMEDÍAN
BRUNCH – LAUGARDAGA OG SUNNUDAGA FRÁ 11.30–14.00

APOTEK
KITCHEN + BAR

Austurstræti 16 // Sími 551 0011 // apotek.is

Sumrinu fagnað í Gróttu

Sumarkomunni á Seltjarnarnesi verður fagnað með viðburðaríkum fjölskyldudegi í Gróttu á sumardaginn fyrsta, fimmtudaginn 23. apríl frá kl. 14 til 16. Hátíðin höfðar til allra aldurshópa og fer fram víða um eyjuna úti sem inni.

Kl. 14 til 14:30 verður barna- og fjölskyldujóga í fjörunni. kl. 14:30 til 15 mun trúbadorinn Pétur Örn Guðmundsson leika og syngja í Albertsbúð og kl. 15 til 16 mun Flemming Viðar Valmundsson þenja nikkuna undir berum himni. Upplagt er að koma með skóflur og fötur til að leika sér með í fjörunni og krækja sér í furðuverur til að rannsaka undir leiðsögn líffræðinga í nýjum víðsjám í Fræðasetrinu.

Snjólaug Ólafsdóttir
Doktor í umhverfisverkfræði

VIRKAR fyrir mig



Get einbeitt mér allan daginn

„Ég byrjaði að nota **Spirulina BLUE** þegar ég var í krefjandi doktorsnámi. Ég fann strax að orkan jókst og varð jafnari yfir daginn. Einbeitingarskortur síðdegis hvarf og þar með jukust afköstin og úthaldið.

Þrátt fyrir aukna orku kom það hvorki niður á svefni né hvíld. Ég finn mikinn mun bæði í starfi og daglegu lífi og hef því haldið áfram að taka Lifestream **Spirulina BLUE.**“

GOLD STANDARD
GUARANTEED PURE & POTENT ORIGINAL GOLD STANDARD



Álag og streita

Lifestream Spirulina Blue er sérstaklega gott fyrir þá sem eru undir miklu streituálagi.* Gefur strax margfalt meira úthald og einbeitingu. Eflir skerpu, minni, andlegt jafnvægi og vellíðan. Lífrænt og styrkir ónæmiskerfið. Inniheldur 13 vítamín, 16 steinefni, GLA og Zeaxanthin sem styður augnheilsu við tölvuvinnu. Ríkt af járni og próteini.

*Ritrýndar vísindarannsóknir.
Fæst í apótekum, Grænni heilsu, Krónunni, Hagkaup og Nettó.

lifestream
hrein lífræn næring

FERSKUR FISKUR DAGLEGA

MIKIÐ ÚRVAL SPENNANDI FISKRÉTTA

VERIÐ VELKOMIN

FISKBÚÐIN VEGAMÓT

Nesvegur 100
Símar 562-1070, 896-4243
Opið virka daga kl. 10 - 18:30

Nýtt öflugt sameinað útibú á Granda

Í maí munu útibú Íslandsbanka í Lækjargötu og Eiðistorgi sameinast í nýtt útibú á Fiskislóð 10 á Granda. Þar verður starfrækt öflugt og stórt útibú þar sem áhersla verður lögð á fjármálaþjónustu fyrir einstaklinga og fyrirtæki. Rík áhersla verður á fræðslu og ráðgjöf til viðskiptavina.

Hönnun og virkni útibúsins á Granda mun taka mið af breyttum áherslum í þjónustu. „Þróun viðskiptabanka út um allan heim er í þá átt að þjónusta í útibúum snýst í auknum mæli um ráðgjöf og minna um einfaldari færslur sem viðskiptavinir hafa nú aukið val um að framkvæma sjálfir með öðrum leiðum, t.a.m. í netbanka, appi og hraðbönkum. Það hefur sýnt sig að stærri, hagkvæmari og öflugri útibú auka getu bankans til að veita sérhæfða og öfluga þjónustu“, segir Gísli Elvar Halldórsson, nýr útibússtjóri sameinaðs útibús.

Reikningsnúmer viðskiptavina verða óbreytt við sameininguna. Þá munu hraðbankar verða bæði í Lækjargötu og Eiðistorgi fyrst um sinn.

Útibúið þátttakandi í samfélaginu

Sameinað útibú mun þjóna sama svæði og núverandi útibú hafa þjónustað hingað til. Við val á staðsetningu var litið til aðgengis viðskiptavina en útibúið liggur nálægt stórum umferðaræðum. Þá er aðgengið að nýja útibúinu til fyrirmyndar en þar eru næg bílastæði auk þess sem aðgengi er gott fyrir þá sem eru í hjólastólum. Verslun og þjónusta við íbúa í vesturhluta Reykjavíkur og Seltjarnarnes hefur verið að færast út á Granda síðastliðin ár. „Við viljum vera þátttakendur í þessari skemmtilegu og orkumiklu uppbyggingu sem er að eiga sér stað á þessu svæði“, segir Gísli Elvar.

Gísli Elvar Halldórsson, nýr útibússtjóri sameinaðs útibús Íslandsbanka.

Áhersla á fræðslu og tengsl við umhverfið

Íslandsbanki leggur ríka áherslu á fræðslu til að auðvelda viðskiptavinum sínum að taka upplýstar ákvarðanir í fjármálum sínum. Nú þegar liggur fyrir skipulögð fræðsluáætlun fyrir útibúið. „Sérfræðingar frá hinum ýmsu einingum bankans munu koma og taka þátt í þessu starfi með okkur. Boðið verður upp á fræðslu bæði fyrir einstaklinga og fyrirtæki,“ segir Gísli Elvar. Hönnun nýs útibús gefur einnig möguleika á að nýta það fyrir kynningar fyrirtækja og félagasamtaka og getur útibúið þannig tengst nærsamfélagi sínu með áþreifanlegri hætti. Gísli Elvar bendir á að í maí og júní verði t.a.m. kynningar tengdar Sjávarklasanum í tengslum við Sjómannadaginn og Hátíð hafsins.

Öflugur hópur reynslumikilla starfsmanna

Alls verða 23 starfsmenn í hinu sameinaða útibúi og mörg kunnugleg andlit frá báðum útibúum. Sem fyrr segir mun Gísli Elvar verða útibússtjóri. Viðskiptastóri einstaklinga verður Hanna Dóra Jóhannesdóttir og viðskiptastjóri fyrirtækja verður Hörður Harðarson. Allir starfsmennirnir búa yfir mikilli þekkingu og reynslu af fjármálaþjónustu. „Við hvetjum viðskiptavini okkar að heimsækja okkur í nýtt útibú. Við munum nú sem áður fyrr kappkosta að veita persónulega og góða þjónustu“, segir Gísli Elvar að lokum.

Nýtt útibú Íslandsbanka á Granda.

Óskum viðskiptavinum okkar gleðilegs sumars og þökkum viðskiptin í vetur.

Reykjavíkur Apótek

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is

Vottað réttinga- og málningarverkstæði

GB Tjónaviðgerðir er réttinga- og málningarverkstæði vottað af Bílgreinasambandinu. Við tryggjum hámarksgæði með því að nota fyrsta flokks tækjabúnað og efni. Styðjumst við tækniupplýsingar framleiðanda um hvernig skuli staðið að viðgerð.

Tjónaskoðun
Við skoðum bílinn og undirbúum tjónamatið sem sent er til tryggingafélaga.

Framrúðuskipti
Skiptum um framrúður og önnumst annars konar rúðuskipti. Sjáum um öll rúðutjón jafnt límdar rúður sem og aðrar, ásamt glerhreinsun á bíl.

Mössun / snyrting á lakki
Við bjóðum upp á ráðleggingar og gerum tilboð í lakkmössun og blettanir.

Dekkjaþjónusta
Sparaðu tíma. Við getum skipt um dekk á bílnum á meðan hann er í viðgerð.

Réttingar og málning
Við vinnum eftir stöðlum framleiðenda og notum aðeins viðurkennd efni og tækjabúnað sem stenst ítrustu kröfur.

Bílaþvottur / djúphreinsun
Bjóðum við upp á almennan bílaþvott, djúphreinsun, bón ofl. Frír þvottur fylgir öllum viðgerðum.

Innréttingar / áklæði
Tökum að okkur viðgerðir á sætum, innréttingum ofl.

Smáviðgerðir
Samhliða viðgerðum getum við skoðað ástand helstu slitflata og öryggisþátta, s.s. bremsur.

Dragháls 6-8 • 110 Reykjavík sími 567 0690
netfang tjon@tjon.is • www.tjon.is

GB TJÓNAVIÐGERÐIR

Almenningsíþróttir og bætt lýðheilsa á Nesinu

TKS fagnar á árinu 30 ára starfsafmæli með ýmsum hætti. Hæst ber þar Neshlaupið okkar laugardaginn 9. maí næstkomandi, sem verður ræst kl 11 við sundlaug Seltjarnarness. Neshlaupið er árviss vorboði meðal hlaupara og skokkhópa en góða aðsókn á liðnum árum má m.a. þakka náttúru og fegurð vestursvæða Seltjarnarness. Hlaupið er fjölskylduvæn skemmtun og eiga allir að geta fundið sér vegalengd við hæfi. Þrjár vegalengdir eru í boði; 3,25 km, 7,5 km og 15 km. Þátttökugjaldi er stillt í hóf en Seltjarnarnesbær styrkir framkvæmd hlaupsins svo börnum og ungmennum (16 ára og yngri) býðst að taka þátt frítt. Fjölmargir félagar TKS leggja sitt að mörkum svo vel takist til við framkvæmd hlaupsins. Helstu verkefni eru m.a. brautarvarsla, umsjón með marksvæði, skráningar og afhending hlaupagagna ásamt úrvinnsla á tímatöku. Í boði eru tvær drykkjarstöðvar á hlaupaleiðinni og að loknu hlaupi fá þátttakendur verðlaunapening og hressingu. Fjölmargir útdráttarvinningar gera alltaf lukku. Flestir koma brosandi í mark og sáttir með sinn árangur enda má segja að allir sem ljúka hlaupi séu sigurvegarar í raun.

Meginstarf klúbbsins

TKS hefur í dag tvo þjálfara, þær Vigdísi Hallgrímsdóttur og Rakel Sævarsdóttur. Þær hafa umsjón með hlaupaæfingum þrisvar í viku en lagt er af stað upp úr kl 17:30 á mánudögum og miðvikudögum frá sundlaug Seltjarnarness. Þessar hlaupa-æfingar fara fram utanhúss í öllum veðrabrigðum árstíðanna. Hefðbundin hlaupaæfing tekur að jafnaði eina og hálfa klst. en á miðviku-dögum endar æfingin í Gróttusal með styrktaræfingum. Laugardagsæfingar TKS fara fram að morgni og er þá gjarnan hlaupið á rólegum hraða með lengri vegalengd í huga. Hlaupahópurinn er öllum opinn óháð aldri og getustigi. Æfingarnar fylgja fyrirfram skipulögðu hlaupaplani þar sem magni og ákefð er stjórnað af þjálfurum með markvissum hætti eftir markmiðum hvers og eins.

Trimmdagurinn 1985

4. maí 1985 er merkilegur dagur fyrir TKS, en þá var haldinn Trimmdagur hér á Seltjarnarnesi í samráði við Tómstundaráð Seltjarnarness að frumkvæði Unnar Ágústsdóttur leikfimikennara og Páls Guðmundssonar skólastjóra. Frumkvöðull á sviði almenningsíþrótta og heiðursfélagi TKS, Margrét Jónsdóttir, sá strax á þessum tíma mikil tækifæri í trimminu. Fljótlega fjölgaði í „Möggu-hópnum“ og mótaði Margrét starfsemi klúbbsins fyrstu tíu árin og fór fyrir starfinu. Hún hafði umsjón með æfingum og stjórnaði upphitun og teygjum. Einnig hélt hún sérstaklega vel um nýliða og lagði áherslu á hóflegar æfing-ar og heilbrigðan lífsstíl. Félagar í TKS hafa verið mjög lánsamir með þjálfara og leiðbein-endur á liðnum árum. Árið 1996 tók Þórhalla Andrésdóttir við keflinu og sá um þjálfun með sóma til 1999. Næst skiptu með sér verkum þær Berghildur Stefánsdóttir og Steinunn Hannesdóttir fram til 2004. Steinunn sá svo áfram um þjálfun og fræðslu af miklum móð til 2013. Þá tók Hansína Gunnarsdóttir að sér að stýra æfingum fram í ársbyrjun 2014.

Þrjátíu ára afmæli

9. maí 2015 stendur Trimmklúbbur Seltjarnarness á tímamótum, eins og áður segir, og framundan er afmælisviðburður þar sem núverandi og fyrrverandi félagar TKS ætla að gleðjast saman. Um er að ræða afmælisárshátíð í framhaldi af Neshlaupinu. Klúbburinn hefur rekist vel á liðnum árum og ágæt nýliðun verið í hlaupahópnum. Auk hlaupanna leggur fjöldi félaga TKS rækt við hjólreiðar og árlega er skipulögð sumarganga TKS um fjöll og dali. Yfir vetrarmánuði er skipulagðir svokallaðir kakófundir þar sem fræðslu og kynningum eru gerð góð skil. Samstarf TKS við Seltjarnarneskirkju um árlegt Kirkjuhlaup á öðrum degi jóla er komið til að vera. Kirkjuhlaupið er gríðarlega vel sótt samskokk, þar sem sextán kirkjur eru á hlaupaleiðinni og að loknu hlaupi er boðið upp á heitt súkkulaði og smákökur.

Brynjúlfur Halldórsson.

TKS fyrir þig!

Ég er þakklátur fyrir að hafa farið fram úr sófanum og náð góðu sambandi við hlaupasamfélagið í árslok 2011. Eiginkona mín og góður hlaupafélagi gaf sér tíma til að koma mér af stað, hvatti mig og leiðbeindi. Hún beið þolinmóð meðan ég skrölti þessa fyrstu kílómetra sem eru býsna langir og þungir. Ég man líka vel eftir því að þegar ég fór að stunda trimmið með TKS reglulega að það tók nokkuð mörg skipti að hlaupa úr sér skrekkinn. Það vottaði fyrir óþarfa feimni svona framan af. Í dag eru hlaupaæfingarnar fastir liðir – ákveðinn lífsstíll. Fátt skemmtilegra en hálfmaraþonið í Reykjavík. Eftir að ég byrjaði að trimma, sem hver annar nýliði hjá TKS, fór svo að eftir sannkallað hlaupaár 2012 að saman kláruðum við hjónin heilt maraþon í Berlín 2013 – ekki hefði ég trúað því fyrir fimm árum.

Með ósk um gleðilegt sumar,

Brynjúlfur Halldórsson, formaður TKS

Umferð hunda og katta 2015



Orðsending til hunda- og kattaeigenda

Af gefnu tilefni vill umhverfisnefnd ítreka að frá og með 1. maí til 15. júlí er með öllu óheimilt að vera með hunda á þeim svæðum sem tilgreind eru á þessu korti. Kattaeigendur eru hvattir til að setja á þá bjöllu og halda þeim frá þessum svæðum sé þess nokkur kostur. Þetta er vegna varpfugla. Hundabann gildir í Gróttu allt árið.

Lausaganga hunda er bönnuð á Seltjarnarnesi

Umhverfisnefnd Seltjarnarness

Viðtal við Helga Hrafn Jónsson

Nítjándi bæjarlistamaðurinn er afsprengi tónlistarskólans

Árlega útnefnir menningarnefnd Seltjarnarness bæjarlistamann og í ár var það í nítjánda sinn. Val nefndarinnar kom nú skemmtilega á óvart vegna þess að sá sem var valinn var flestum bæjarbúum óþekktur. Helgi Hrafn Jónsson tónlistarmaður, sem starfar að mestu erlendis en er búsettur hér á Seltjarnarnesi. Því er vert að kynna hann svolítið fyrir lesendum Nesfrétta og upplýsa og segja frá því hversu Tónlistarskólinn er fyrir honum upphaf að hans lífsstarfi sem tónlistarmanns.

Helgi Hrafn hefur búið sér, konu sinni og tveimur börnum, heimili við Norðurströnd á Nesinu með gott útsýni út á Hólmasund og Kollafjörðinn. Húsið er stórt og opið með stórum gluggum, bjart og ljóst og Helgi situr við stórt borð og tekur á móti mér bjartan febrúarmorgun. Þó að Helgi og eiginkona hans séu listamenn á ferð og flugi hafa þau ákveðna staðfestu í daglegu lífi sínu á Seltjarnarnesi. Börnin þeirra fara í leikskólann og til dagforeldra og leika, læra og kynnast íslenskum börnum þegar þau dvelja heima; á Nesinu. Helgi er 36 ára en útlit hans og fas er þannig að enn og aftur sannast að aldur í árum er afstætt hugtak. Háttvísi og hógværð einkenna framkomu hans, fjörlegt fas hans og hjartahrein frásögn af tónlistarferli og frama er einföld og skýr. Hann rifjar upp þroskasöguna sína brosandi þegar ég bið hann að fara yfir það með mér, hvernig hann varð skapandi tónlistarmaður, eftirsóttur, þekktur og viðurkenndur. Helgi brosir með sjálfum sér við að fara yfir þessa þroskasögu, lokar augunum og horfir út á Esjuna og gruflar í sögunni og tínir til eitt og annað sem honum er minnisstætt.

Helgi Hrafn Jónsson bæjarlistamaður Seltjarnarness 2015 ásamt eiginkona sinni Tinu Dickow.

Mútað til að fara í tónlistarskólann

„Þegar ég er að byrja mína skólagöngu í Mýró, fór ég í forskólann í Tónlistarskólanum en það þurfti að draga mig þangað. Ég var feiminn og hljóp upp í holt grenjandi og faldi mig því ég var svo feiminn. Mér leið ekki vel í svona hópum þar sem ég þekkti ekki krakkana og þetta var eitthvað nýtt og óþekkt. Þetta varði í einhverjar vikur. Foreldrar mínir vildu ekki gefast upp og að lokum spurðu þau föðursystur mína, sem var skólastjóri, um einhver uppeldisráð til að fá mig í Tónlistarskólann. Hún ráðlagði þeim einfaldlega að múta mér og kaupa mig til að fara í tónlistarskólann og það var gert. Ég byrjaði á að spila á blokkflautu og syngja og fara í leiki sem snérust um músík. Svo rjátlaðist af mér feimnin þarna á næstu tveimur árum. Bróðir minn Þórir Már, tveimur árum eldri, var þá kominn í lúðrasveitina, spilaði á klarínett og ég fékk að fara með honum á æfingar og fylgjast með. Ég man ekki alveg hvers vegna ég heillaðist af básúnunni, hvort það var hljómurinn eða útlitið. Kannski sleðinn. Ég var sennilega átta ára þegar ég byrjaði að læra á básúnuna, fyrst hjá Skarphéðni sem er bróðir Kára núverandi skólastjóra og Jóns Karls sem hefur líka verið skólastjóri tónlistarskólans. Eftir eitt ár hjá Snorra Valssyni kom svo Kári og þá fóru ýmsir skemmtilegir hlutir og galdrar að gerast. Gylfi Gunnarsson setti saman í skólanum fimm manna hljómsveit og ég er látinn spila á bassa. Við spiluðum á jólaskemmtun fyrir Mýró einhver popplög, alveg nýtt þá frá Tónlistarskólanum. Þetta var upphafið að Bossanovabandinu. Bossanovabandið stækkaði á næsti tveimur, þremur árum. Ég hætti að spila á rafmagnsbassann og fór að spila á básúnuna. Ellert Guðjónsson tók bassann og við vorum fimm í bandinu sem bjuggum í sömu götunni þarna á Valhúsabrautinni."

Bossanovabandið vakti mikla athygli

Bossanovaband Tónlistarskólans á Seltjarnarnesi vakti mikla athygli hér á höfuðborgarsvæðinu. Tónlistin var létt og skemmtileg og þetta voru ungir hljóðfæraleikarar. Því fór svo að nokkur eftirspurn var eftir því að hljómsveitin kæmi fram á skemmtistöðum og við sérstök tækifæri. Bandið spilaði stundum á tveimur ólíkum stöðum á laugardögum og svo í Súlnasal Hótel Sögu um kvöldið. Oft var bandið að spila í fyrirtækjum eða verslunum fyrri hluta dags, jafnvel í anddyri skemmtistaða þar sem einhver starfsmanna árshátíð var að hefjast, en svo um kvöldið upp á sviði í Súlnasal Hótel Sögu kannski undir miðnætti. Bandið spilaði í nokkur ár á Hótel Sögu og í upphafi þess var Helgi tólf ára, en þessi verkefni hljómsveitarinnar stóðu í um fjögur ár á Sögu. Hljómsveitin ferðaðist m.a. til Ameríku og nokkrum sinnum til Evrópu og Norðurlandanna, kom fram í sjónvarpi í skemmtiþætti Hemma Gunn nokkrum sinnum. En eftir þessa upprifjun af glæstum ferli Bossanovabandsins beinum við athyglinni að hljóðfæri Helga sem er básúnan.

18 ára reynsla og
þekking í sölu fasteigna
www.frittsoluverdmat.is
ANDRI SIGURÐSSON
Löggiltur fasteignasali
s. 690 3111

LIND FASTEIGNASALA

Lærði mikið í Hamrahlíðarkórnum

"Básúnan var ekki eftirsótt hljóðfæri. Það er kannski svo lítið „nörda-hljóðfæri" og það eru bara tvö hljóðfæri sem eru skrítnari ef svo má segja það er fagottið og túban. Þegar ég er í tíunda bekk hér á Nesinu fer ég í Tónlistarskólann í Reykjavík og hef nám hjá Oddi Björnssyni. Ég var þá útskrifaður úr skólanum héðan en hélt áfram að spila í Bossanova bandinu og lúðrasveitinni. Það var Kári trompetleikari sem svo ýtti mér út og sagði mér að ég þyrfti að vera í tímum og kennslu hjá básúnuleikara. Síðar þegar ég var kominn í Menntaskólann við Hamrahlíð fór ég í Hamrahlíðarkórinn þó ég hafi verið feiminn við að syngja. Þetta er síðasta árið í Hamrahlíðinni, ég var búinn að taka forpróf inn í einleikaradeild tónlistarskólans og þann vetur hafði ég meira svigrúm í tónlistarnáminu og þá gekk ég í Hamrahlíðarkórinn. Þarna lærði ég mikið, það er eitthvað alveg sérstakt við að syngja, að syngja í hóp. Það er eitthvað allt annað en öll önnur tónlistariðkun, af því að vera í kór er alveg einstakt mannlegt fyrirbæri að stilla sig inn á... annað fólk, aðrar raddir. Ég fékk hjá Þorgerði Ingólfsdóttur góða innsýn t.d í íslenska tónlist og lærði mikið hjá þeirri frábæru listakonu. Mitt uppeldi í tónlist er líka svolítil heppni, að fá t.d. margt beint í æð svo sem frá menningarheimili ömmu og afa á Lindarbraut en frá þeim fékk ég innsýn í svo mörg góð menningarleg gildi."

Afkomandi Hafsteins

Hér er vert að gera grein fyrir því að Helgi Hrafn er afkomandi Hafsteins Guðmundssonar bókaútgefanda sem hefur verið nefndur „faðir prentlistarinnar á Íslandi á 20. öld" og fyrsti meistari Íslendinga í týpógrafíu (leturgerð) og bókahönnun og sonur hans er Guðmundur Hafsteinsson tónskáld, og Gunnar Kvaran sellóleikari er stjúpsonur Hafsteins. Íbúðarhús Hafsteins stendur milli Miðbrautar og Lindarbrautar og þótti um langan tíma sérlega nútímalegt og veglegur minnisvarði um listræna íslenska

Helgi Hrafn Jónsson, tónlistarmaður.

húsagerðarlist. Svo er vert að geta þess að Jón Árni faðir Helga Hrafns var í söng kvartettinum „Lítið eitt" og spilaði þar á gítar og söng, kvartettinn kom fram í sjónvarpi og gaf út tvær hljómplötur og starfaði í um fjögur ár. Við sötrum gott kaffi við stóra borðið í stofunni hjá Helga og þá kemur að því að hugleiða hvers vegna bæjarlistamaðurinn fór og valdi þessa vegferð í lífinu og helgaði sig tónlistinni.

Í Graz og í Vín

„Ég hef oft verið spurður um þetta, en held að ég hafi eiginlega aldrei tekið þessa ákvörðun. Það var ekkert að ákveða. Ég heillaðist ekki af íþróttum, ég var kannski písl, með rjúpuhjarta, mér líkuðu ekki lætin sem fylgja hópíþróttum og var alltaf bara í tónlistinni. Það var eiginlega svona „natural progression" (náttúruleg þróun) framvinda sem sá um sig sjálf. Margt gott fólk sem lagði þessu lið, kennararnir mínir og svo til dæmis frændur mínir Gunnar Kvaran og Guðmundur Hafsteinsson, fólk sem hafði innsýn og gáfu mér góð ráð. Ég fór á unglingsárunum í sumarskóla í Bandaríkjunum og síðar í inntökupróf í Julliard tónlistarskólann í New York. Þangað komst ég ekki inn og það var fyrsta höfnunin. Þarna voru þrír teknir inn á ári en kennarinn þar, sem ég hafði sótt einkatíma hjá benti mér á danskan kennara í Graz í Austurríki, Carsten Svanberg og þangað fór ég. Ég bjó svo fimm ár í Graz og svo önnur þrjú í Vín. Ég lauk mínu tónlistarnámi 2004 en bjó áfram í þrjú ár í Austurríki því þá var ég farin að ferðast um með hljómsveit minni Beefolk. Þetta var „fusion" hljómsveit sem náði nokkrum vinsældum. Við fórum um Evrópu og Asíu og þarna er ég orðin atvinnu-hljóðfæraleikari og var það reyndar strax eftir tónlistarnámið. Það er svo 2005 sem ég gef út mína fyrstu hljómplötu með lögum sem ég hafði verið að semja um nokkurn tíma. Þarna er ég að leita fyrir mér sem sjálfstæður listamaður, söngvari og lagahöfundur og fer að koma fram á Norðurlöndunum. Það var síðan á Spot Festival 2007 þar sem ég er svolítið uppgötvaður og þá fór margt að gerast. Ásamt því að vera að túra með mína eigin tónlist fór ég að koma fram með hljómsveitum á borð við Sigur Rós frá 2005-08. Það var svo í hljómleikaferð með Teiti þeim Færeyska, þeim öðlingi, sem Tina kemur inn í ferðina og er með okkur til Kanada og Ameríku. Þar kynntumst við."

Og svo kom Tina

Nú er frá því að segja að að Tina Dico eiginkona Helga Hrafns (Tina Dickow Danielsen) er þekkt söngkona í Danmörku og nýtur þar vinsælda og virðingar. Tina hefur hljóðritað margar hljómplötur undir eigin nafni og er virtur flytjandi og lagahöfundur. Árið 2008 hlaut Tina dönsku menningarverðlaunin: Crown Prince Couples Culture Price sem eru heiðursútnefning fyrir menningarlegt framlag í Danmörku. Helgi og Tina hafa eignast tvö börn sem þau búa með hér á Nesinu. Nú snúum við spjallinu að deginum í dag.

Í stuttu hléi frá tónleikahaldi

"Ég hef verið að skrifa út allskonar tónlist fyrir aðra,- og er kannski að færa mig aðeins meira yfir í að skrifa fyrir klassísk hljóðfæri. Ég skrifaði út nokkrar útsetningar fyrir tónleika Tinu með The Danish Chamber Orchestra, og það var skemmtilegt. Núna er ég með verkefni í Frankfurt þar sem ég syng og spila í leikverki sem heitir "Zwei Uhr Nachts". Annað verkefni sem ég er að vinna í, þar sem ég samdi og flyt eigin tónlist, er í Berlín, leikverk eftir Falk Richter sem heitir „For The Disconnected Child". Verkið var pantað af Staatsoper í Berlin og frumflutt árið 2013. Það hefur gengið afar vel og meðal annars unnið verðlaun sem besta leiksýningin í Berlin. Við gerðum plötu með Tinu sem heitir „Whispers" og „túruðum" með hana í hálft ár en erum núna í stuttu hléi frá tónleikahaldi. Sjálfur er að vinna þessa stundina í plötu þar sem ég er að gera mína eigin tónlist en í sumar förum við í tónleikaferð sem kallast „Green-Koncert".

Tónleikaröð í júlí víða um Danmörku

Við Helgi tökum okkur lítið hlé og drekkum kaffi . Ég segi Helga að ég vilji taka af honum myndir. Hann vill fara á bakvið og lagfæra hárgreiðsluna. Hann kemur til baka en ég sé enga breytingu. Skiptir engu því hann er enn jafn sakleysislegur og bjartur til augnanna, opinskár og ærlegur. En hver eru næstu verkefni? „Næsta stóra verkefni okkar á þessu ári eru tónleikaröð í júlí víða um Danmörku, Green Koncert. Þetta eru átta eins dags festivöl með um 10 til 15 þúsund gestum, og eru styrktartónleikar í fjáröflun fyrir fólk með vöðvarýrnun. Restina af sumrinu munum við spila á útitónleika í Þýskalandi og Danmörku. Við héldum líka litla tónleika á Bókasafni Seltjarnarness þann 16. apríl og ef til vill eitthvað meira, það á bara eftir að koma í ljós. Hér í kjallara hússins okkar erum við með hljóðver og þar er ég núna að vinna eigin tónlist"

En hér segjum við Helgi Hrafn amen eftir efninu eins stundum er sagt og spjallið við bæjarlistamanninn 2015 hefur verið þægilegt enda hefur hann góða nærveru og er ærlegur og opinn í sinni frásögn og hikar hvergi. Helgi Hrafn sest við stóra borðið við gluggann og ég stilli myndavélina til að ná mynd af bæjarlistamanninum hógværa.

Feb. 2015
Bjarni Dagur Jónsson.

Systrasamlagið bætir fjöður í hatt Sundlaugar Seltjarnarness:

"Tvímælalaust heimsóknarinnar virði"

– segir á vef Grapevine



Á vef Grapevine (grapevine.is) er nú að finna ítarlega grein um sundlaugarnar í Reykjavík og nágrenni og á þeim gerð fagleg úttekt. M.a. eftir andrúmslofti, aðkomu, vatninu, gufunni og nánasta umhverfi. Í umfjölluninni skorar Sundlaug Seltjarnaress hátt. Fær fjórar stjörnur af fimm mögulegum. Eitt að því sem sannarlega hífir Seltjarnarneslaugina upp er Systrasamlagið, sem er í hópi örfárra atriða sem fær einkunina tveir þumlar upp í allri greininni. Það sem er sérstaklega tiltekið um Seltjarnarneslaugina er steinefnaríkt vatnið úr nærliggjandi borholu og einstakt útsýnið. Hún hafi í raun flest sem prýðir góða sundlaug. En það sem fær hæstu einkunina í umfjöllinni um Seltjarnarneslaugina er Systrasamlagið. Um það er m.a. sagt: Fyrir utan Seltjarnarneslaugina er finna yndislegt umhverfisvænt kaffihús/búð "Sisterhood" sem selur samlokur, þeytinga og kaffi " og umfjöllunin um Systrasamlagið endar á: "Definitely worth visit" eða Tvímælalaust heimsóknarinnar virði. Þessi úttekt er ekki síst til að þjóna auknum fjölda ferðamanna sem hafa líka áhuga á nærliggjandi sundlaugum. Ekki bara laugunum í Reykjavík.

Dansmenntin iðkuð af krafti

Þegar ljósmyndara Nesfrétta bar að garði í hátíðarsal Gróttu dunaði dansinn undir hressilegri tónlist. Þar var samankominn hópur nemenda úr Mýró við danskennslu. Grunnskólar hafa val um að kenna dans og hafa skólastjórnendur Grunnskóla Seltjarnarness lagt áherslu á að bjóða nemendum upp á danskennslu.

Þannig hafa allir nemendur Mýrarhúsaskóla notið danskennslu undanfarin ár. Nemendur hafa lært bæði hefðbundna barnadansa og fengið kynningu á fleiri danstegundum. Kennslan hefur ýmist verið í formi námskeiða eða fastra tíma á stundatöflu og fer jafnan fram í Gróttusalnum eða í íþróttasal. Eldri nemendur hafa sömuleiðis notið danskennslu í skólaíþróttum og undanfarin ár hafa 10. bekkingar boðið eldri borgurum á Seltjarnarnesi upp í dans við lok kennslutímabils auk þess að bjóða foreldrum sínum upp í dans á 1. des. ballinu eins og þekkt er orðið.

Systrasamlagið

Vorilmur í lofti!

ILMVATN SEM GEFUR!
Ekta lífrænt og franskt.
Gefur en tekur ekki.
Byggir á blómadropa-fræðum Dr. Bach læknis.

JURTIR GEGN STREITU!
Burnirót, Schisandra, Adaptogen.
20% afsláttur til 10. maí.
Vegan, án auka- og fylliefna og virka.
Ps: Þetta eru jurtirnar sem jógarnir elska.

Í TILEFNI SUMARKOMU:
Lífrænir & smart/jóga/þæginda bolir á *15-25% afslætti* til 4. maí.
Sterk, lífræn og dásamleg "Fair Trade" bómull.
Engri lík.

ÓMÓTSTÆÐILEGT SYSTRA GÓÐGÆTI!

LÍFRÆNT KAFFI m/ LÍFRÆNNI BÍÓBÚMJÓLK eða INDÍGÓKAFFI?
Eða má bjóða þér næringarríkjan ÞEYTING, croissant, súrdeigssamloku, glútenlaust, "vegan" skot, chiagrauta, heilsubita, kökur, súpu.
Innihaldsríkt góðgæti í stöðugri þróun!

SUÐURSTRÖND 10, SELTJARNARNESI
Fyrir neðan sundlaugina og World Class.
www.facebook.com/Systrasamlagid
Sími: 511 6367

AFGREIÐSLUTÍMI:
Virkir dagar 8:30 - 18
Laugardagar 10 - 16

Samstarf ÍTS við Nesklúbbinn endurnýjað



Myndin var tekin við undirritunina sem fram fór í bæjarstjórnarsalnum við Austurströnd en þar voru staddir Haukur Geirmundsson íþróttafulltrúi, Haukur Óskarsson framkvæmdastjóri NK, Ásgerður Halldórsdóttir bæjarstjóri og Magnús Örn Guðmundsson formaður ÍTS.

Seltjarnarnesbær endurnýjaði samstarfssamning við Nesklúbbinn á dögunum en farsælt samstarf hefur verið milli ÍTS og golfklúbbsins um langt árabil. Samningnum er ætlað að efla samstarfið enn frekar og tryggja öflugt og markvisst íþrótta- og tómstundastarf fyrir börn og unglinga af Seltjarnarnesi í samræmi við íþrótta-, tómstunda- og lýðheilsustefnu bæjarins. Sérstök áhersla er lögð á mikilvægi forvarnargildis og þjónustuhlutverks Nesklúbbsins gagnvart bæjarbúum og gildi hennar sem almenningsíþróttar sem allir geta stundað í sátt við náttúruna á Nesinu.

Með samningnum er tryggt að Nesklúbburinn geri sem flestum börnum og ungmennum kleift að stunda íþróttina, m.a. með því að veita þeim greiðan aðgang að því öfluga starfi sem fram fer á vellinum. Í því felst t.d. forgangur barna af Seltjarnarnesi á golfnámskeið klúbbsins en klúbburinn skuldbindur sig til að hafa kennslu fyrir börn á aldrinum 9-13 ára. Klúbburinn heldur úti öflugu barna- og unglingastarfi og hafa krakkar úr klúbbnum skilað sér í keppni meðal þeirra bestu á landsvísu og náð eftirtektarverðum árangri. ÍTS og golfklúbburinn munu áfram eiga gott samstarf við að kynna golfíþróttina fyrir bæjarbúum og auka þannig fjölbreytni í heilbrigðu íþrótta- og tómstundastarfi á Seltjarnarnesi. Samningurinn er til 3ja ára.

Leikskóli Seltjarnarness

Innritun fyrir skólaárið 2015-2016

Innritun barna fyrir skólaárið 2015-2016 fer fram í maímánuði nk. Til að eiga rétt á leikskóladvöl þarf barn að eiga lögheimili á Seltjarnarnesi. Sækja skal um leikskóladvöl á heimasíðu Seltjarnarnesbæjar www.seltjarnarnes.is gegnum *Mínar síður*. Mikilvægt er að umsóknir hafi borist fyrir 30. apríl árið sem leikskóladvöl skal hefjast. Umsóknir sem berast eftir þann tíma verða afgreiddar eftir því sem leikskólapláss losnar.

Nánari upplýsingar og aðstoð við innritun veitir Sonja Jónasdóttir í Leikskóla Seltjarnarness í síma 5959292. Fyrirspurnir má einnig senda á sonja@nesid.is og leikskoli@nesid.is

Upplýsingar um Leikskóla Seltjarnarness:

http://leikskoli.seltjarnarnes.is/

www.seltjarnarnes.is/thjonusta/menntun/leikskolar/

http://www.seltjarnarnes.is/thjonusta/menntun/leikskolar/innritunarreglur/

Skólaskrifstofa Seltjarnarnesbæjar

Endurvinnslan hefur opnað vélvædda flöskumóttöku við Ánanaust.

Endurvinnslan hefur í samstarfi við SORPU opnað vélvædda flöskumóttöku á endurvinnslustöð SORPU við Ánanaust. Með nýjum vélarkosti geta viðskiptavinir skilað heilum umbúðum án þess að þurfa að telja og flokka þær. Beyglaðar umbúðir þarf þó áfram að telja og flokka.

HVER FLASKA SKIPTIR MÁLI

Flöskumóttaka
Endurvinnslan

Heilsudagar á Seltjarnarnesi 7. - 9. maí.

Fyrir ári síðan og í tengslum við íbúaþing gaf ÍTS (Íþrótta- og tómstundanefnd Seltjarnarnesbæjar) út íþrótta-, tómstunda og lýðheilsustefnu bæjarins sem var samþykkt í bæjarstjórn í framhaldinu.

Hlutverk ÍTS er m.a. að framfylgja stefnunni og eru Heilsudagarnir liður í þeirri eftirfylgni.

Af því tilefni ætlar ÍTS að standa fyrir Heilsudögum 7. - 9. maí n.k. og bjóða fyrirtækjum, aðildarfélögum og einstaklingum að taka þátt og kynna sína starfsemi í þeim tilgangi að leyfa bæjarbúum að fá innsýn í hvað er í boði í bæjarfélaginu, fyrir unga sem aldna í lýðheilsumálum.

Íþróttahúsið, sundlaugin og fótboltavöllurinn standa öllum til boða þessa daga til þess að vera með uppákomur og kynningar.

Á laugardeginum 9. maí fer svo fram árlegt TKS hlaup sem dregur að sér fullt af fólki á 30 ára afmælisári trimmklúbbsins.

Dagskráin er í mótun og allir sem hafa hug á að taka þátt geta sent póst á haukur@seltjarnarnes.is og kynnt það sem þau hafa fram að færa.

ÍTS ætlar að hvetja neðangreind aðildarfélög og fyrirtæki / einstaklinga til þess að vera með kynningu á starfsemi sinni:

Íþróttafélagið Grótta.

World Class

Nesklúbburinn - golfklúbbur.

Sunddeild KR.

Ballettskóli Guðbjargar Björgvinsdóttur.

Hreyfiland.

TKS trimmklúbbur.

Sundleikfimi - Fjóla Dröfn Guðmundsdóttir.

Sundflot Unnur Valdís Kristjánsdóttir og Systrasamlagið.

Björgunarsveitin Ársæll.

Slysavarnarkonur á Seltjarnarnesi.

Félagsstarf aldraðra.

ÍTS hvetur alla ofangreinda til þess að taka þátt og tilkynna þátttöku sem fyrst á póstfangið haukur@seltjarnarnes.is og alla þá sem hafa hug á að vera með uppákomur, fyrirlestra eða annað sem tengist lýðheilsu.

Með kveðju frá ÍTS

UMHVERFISHORNIÐ

LJÓSKASTARAHÚS Í SUÐURNESI – STRÍÐSMINJAR

Umhverfisnefnd Seltjarnarness sótti í nóvember 2014 um styrk til Húsafriðunarsjóðs vegna Ljóskastarahúss í Suðurnesi. Nýlega barst okkur vitneskja um að styrkur hefði verið veittur og er okkur því mikil ánægja að hefjast handa við rannsókn og lagfæringu hússins.

Pétur Ármannsson arkitekt hélt fyrir nokkru fyrirlestur í bókasafni Seltjarnarness. Sýndi hann myndir af áhugaverðum húsum á Seltjarnarnesi eftir ýmsa þekkta arkitekta. Í lok fyrirlesturs síns nefndi hann að af öllum húsum að Nesinu fyndist honum Ljóskastarahúsið í Suðurnesi þó merkilegast.

Í framhaldi þess fékk ég fund með Pétri og Ólafi Mathiesen arkitekt, vegna rannsókna á mannvirkinu og forvörslu. Ólafur starfar hjá Glámu Kími Arkitektum, sem m.a. hefur vakið athygli fyrir hlut sinn í verkefninu „Eyðibýli á Íslandi, rannsókn á eyðibýlum og yfirgefnum húsum í sveitum Íslands 2011-2014“. Hafa 7 bindi verið gefin út og rúmlega 700 býli skráð. Þá mun Björn Marteinsson verkfræðingur og arkitekt hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands og dósent við Háskóla Íslands leggja rannsókninni lið.

Tilgangur styrkumsóknarinnar til Húsafriðunarsjóðs er að afla fjár til faglegrar leiðsagnar fyrir sveitarfélagið um viðeigandi viðhald Ljóskastarahússins svo og að varðveisla þess til framtíðar verði tryggð. Einnig að kanna og skrá sögu þess og finna hliðstæður í alþjóðlegu samhengi. Með því má vekja áhuga almennings á áhugaverðum minjum úr seinni heimsstyrjöldinni. Samskonar hús er ekki til á Íslandi svo kunnugt sé. Hliðstætt verkefni á sviði forvörslu stríðsminja og steinsteyptra „rústa“ hefur heldur ekki verið unnið hér á landi svo kunnugt sé.

Á síðastliðnum árum hefur áhugi á steinsteyptum mannvirkjum frá fyrri hluta 20. aldar aukist mjög. Upplýsingar og leiðbeiningar um aðferðir við viðgerð hefur verið ábótavant og er markmið þessarar rannsóknar að gera bragabót á.

Í tengslum við Eyðibýlaverkefnið hafa rannsóknaraðilar haft frumkvæði að sambandsöflun við t.d. Historic Scotland þar sem mikil og góð þekking við sambærilegar aðstæður er að finna.

Skotar byggðu mikið af varnarmannvirkjum í síðustu heimsstyrjöld og sum hver ámóta og Ljóskastarahúsið í Suðurnesi. Er áhugavert að skoða hvernig þeir halda á

málum í forvörslu, viðhaldi og viðgerðum.

Einnig er fræðslustarf þeirra kraftmikið og töluverður áhugi á að mynda samstarf með aðilum utan Skotlands, svo þekking og kunnátta megi nýtast sem flestum. Forystufólk við Historic Scotland, Conservation North, hefur lýst eindregnum vilja og áhuga til að styðja viðeigandi verkefni á Íslandi á allan hátt sem mögulegt er.

Á Seltjarnarnesi eru margar minjar stríðsáranna og gæti það orðið vísir að stríðsminja- og flugminjasafni á Seltjarnarnesi ef hentugt húsnæði finnst.

Ef einhverjir bæjarbúar eiga myndir eða frásagnir af stríðsminjum á Seltjarnarnesi frá tíma síðari heimsstyrjaldar þá væri kærkomið að þið senduð póst á margretpals@islandia.is eða hefðuð samband í síma 892 0750.

Dagur umhverfis er 25. apríl ár hvert. Þá minnumst við þess að þann dag árið 1762 fæddist Sveinn Pálsson fyrsti íslenski náttúrufræðingurinn. Hann bjó m.a. í Nesi við Seltjörn í fjögur ár. Hann nam læknisfræði hjá frænda sínum Jóni Sveinssyni landlækni.

Hreinsunardagur á Seltjarnarnesi verður laugardaginn 9. maí nk. Baldur Gunnlaugsson, skrúðgarðyrkjumeistari mun kynna moltugerð. Einnig mun Steinunn Árnadóttir fyrrverandi garðyrkjustjóri Seltjarnarness vera á staðnum og gefa góð ráð. Við verðum á Eiðistorgi milli 10:00 og 14:00 og bjóðum upp á kaffi og köku.

Gleðilegt sumar,

Margrét Pálsdóttir, formaður umhverfisnefndar.

Eru tryggingarnar þínar í lagi?

vís

Kristinn Rúnar Kjartansson
kristinnk@vis.is
Sími 560 5155 | GSM 820 0762

Býð faglega tryggingaráðgjöf og tilboð í tryggingar fyrir bæði einstaklinga og fyrirtæki.

Það er mikilvægt að tryggingarnar séu í takt við þarfir þínar eða fyrirtækis þíns hverju sinni.

Hafðu samband og ég fer yfir málin með þér.

VÍS – þar sem tryggingar snúast um fólk

Félagsstarf eldri bæjarbúa á Seltjarnarnesi

Eldri bæjarbúar sem og aðrir eru orðnir langeygir eftir betri tíð. Við getum öll verið sammála um að veturinn hefur verið einstaklega erfiður. Nokkrum sinnum í vetur höfum við þurft að snúa dagskránni okkar eilítið vegna veðurs, en það hefur ekki gerst undanfarin nokkur ár. En nú er daginn farinn að lengja verulega og ekkert annað en bjartsýni framundan.

Þegar þessi grein er skrifuð þá eru nokkrir dagar liðnir frá því stór hópur fór saman í Borgarleikhúsið til að sjá Billy Elliot. Í einu orði sagt, frábær sýning. Einnig eru nokkrir dagar síðan fjölskyldunefnd bæjarins stóð fyrir íbúaþingi um málefni eldri bæjarbúa á Seltjarnarnesi. Þingið var einstaklega vel sótt, margar hugmyndir litu dagsins ljós og fjörugar umræður sköpuðust ásamt því að stofnað var öldungaráð en því er ætlað að vaka yfir réttindum og skyldum varðandi eldra fólk og koma á framfæri ýmsum nauðsynlegum upplýsingum.

Mánudaginn 30. mars var svo páskaeggjabingó í kirkjunni. Um 100 manns mættu og skapaðist góð stemning og mikil spenna sérstaklega meðal yngri kynslóðarinnar enda spilað um yfir 30 egg fyrir réttar tölur.

En nú er páskahátíðin einnig liðin og komið fram í vormánuðinn apríl.

Félagsvist á Skólabraut: Tvisvar sinnum í aprílmánuði þ.e. fimmtudaginn 9. apríl kl. 13.30 og svo þriðjudaginn 14. apríl kl. 19.30 í boði Vörðunnar. Allir velkomnir.

Bingó í Golfskálanum: Fimmtudaginn 16. apríl kl. 14.00. Sætaferðir frá Skólabraut kl. 13.30. Allir velkomnir.

Selið, félagsmiðstöð unga fólksins: 29. apríl kl. 20.00. Kynslóðirnar mætast og hafa gaman saman. Allir velkomnir.

Allir aðrir dagskrárliðir eru á sínum stað og tíma skv. útgefnu dagskrárblaði.

FÖGNUM VORI FIMMTUDAGINN 30. APRÍL.

Vorfagnaður fimmtudaginn 30. apríl kl. 19.30 í salnum á Skólabraut. Borðum saman, syngjum, dönsum og fögnum sumarkomunni. Skráningarblöð liggja frammi á Skólabraut og í Eiðismýri. Verð kr. 4.000.-

Dagskráin heldur svo áfram í maí.

Fimmtudaginn 7. maí félagsvist í salnum Skólabraut kl. 13.30.

Á uppstigningardag 16. maí á degi eldri borgara verður útvarpsmessa í kirkjunni kl. 11.00. Seinna þennan saman dag **16. maí kl. 15.00 opnar handverkssýning** á munum sem eldri bæjarbúar hafa verið að vinna að í vetur. Kennir þar margra grasa. Sölubás.

Þriðjudaginn 19. maí verður svo sameiginleg „óvissuferð“ félgsstarfsins og kirkjunnar. Ferðinni er heitið á Suðurnesin og gamla varnarliðssvæðið. Skráningarblöð liggja frammi í kirkjunni og á Skólabraut og allar nánari upplýsingar hjá Sr. Bjarna í síma 5611550 og hjá Kristínu í síma 893 9800. Kynnið ykkur dagskrá ferðarinnar þegar nær dregur. Dagsferð.

Starfsfólk félags og tómstundastarfsins óskar ykkur öllum gleðilegs sumars.



SELTJARNARNESBÆR
www.seltjarnarnes.is

NES FRÉTTIR
Auglýsingasími: 511 1188

HÚSAVIÐGERÐIR.IS

ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA

Útfarar- og lögfræði-þjónusta

Önnumst alla þætti þjónustunnar með virðingu og umhyggju að leiðarljósi

Elín Sigrún Jónsdóttir framkvæmdastjóri · Þorsteinn Elísson útfararþjónusta · Snævar Jón Andrésson útfararþjónusta · Hugrún Jónsdóttir útfararstjóri · Rósa Kristjánsdóttir útfararstjóri
Guðmundur Baldvinsson útfararþjónusta · Jón G. Bjarnason útfararþjónusta · Ellert Ingason útfararþjónusta · Katla Þorsteinsdóttir lögfræðiþjónusta · Gestur Hreinsson útfararþjónusta

Við þjónum allan sólarhringinn
Vesturhlíð 2 - Fossvogi - Sími: 551 1266 - www.utfor.is

GRÓTTUSÍÐAN

www.grottasport.is

Lið Gróttu í 3. þrepi á Bikarmóti FSÍ: Katrín Aradóttir, Fjóla Guðrún Viðarsdóttir, Svava Þóra Árnadóttir, Bríet Bjarnadóttir og Katrín Sigurðardóttir.

Góður árangur á fimleikamótum í vetur

Gróttustúlkur hafa tekið þátt í fjölmörgum fimleikamótum í vetur með góðum árangri. Á Bikarmóti FSÍ átti Grótta lið í fjórum þrepum af fimm og í frjálsum æfingum. Lið Gróttu fengu verðlaun í fjórum flokkum: 5. þrepi A, 5. þrepi B, 3. þrepi og 2. þrepi. Lið Gróttu í 2. þrepi varð í 3. sæti og lið Gróttu í 3. þrepi fékk verðlaun fyrir 4. sæti. Stúlkurnar í 5. þrepi A urðu í 2. sæti og stelpurnar í 5. þrepi B fengu verðlaun fyrir 5. sæti. Þetta var í fyrsta skipti síðan árið 2011 sem að Grótta sendir lið til keppni í frjálsum æfingum. Í liðinu voru þær Elín Birna Hallgrímsdóttir, Grethe María Björnsdóttir og Nanna Guðmundsdóttir og enduðu þær í 4. sæti.

Grótta átti tuttugu og fjóra keppendur á Íslandsmóti FSÍ í þrepum. Einungis þeir sem að hafa náð þrepinu sínu á mótum vetrarins hafa þátttökurétt á mótinu, næsta keppnistímabil færast svo stúlkurnar upp um þrep. Í ár lauk Elín Birna Hallgrímsdóttir keppni í Fimleikastiganum, hún hefur nú náð öllum þrepum stigans og er komin í frjálsar æfingar þar sem að keppt er eftir reglum FIG. Keppt var 1.- 5. þrepi Fimleikastigans í nokkrum aldursflokkum á Íslandsmótinu og var stigahæsti einstaklingurinn í hverju þrepi krýndur Íslandsmeistari. Ragnheiður Ugla Gautsdóttir varð í 1. sæti í 5. þrepi 11 ára með 63,2 stig, hún var einnig stigahæsti einstaklingurinn á mótinu og því Íslandsmeistari í 5. þrepi. Birna Kristín Einarsdóttir fékk verðlaun fyrir 5. sæti með 60,835 stig og Hanna María Hannesdóttir fyrir 6. sæti með 60,701 stig. Hildur Arnaldsdóttir sigraði í 5. þrepi 12 ára og eldri með 60,069 stig. Teresa Nukun Steingrímsdóttir sigraði í 4. þrepi 12 ára með 61,235 stig, Bríet Bjarnadóttir sigraði í 3. þrepi 12 ára með 60,202 stig og Katrín Aradóttir sigraði í 3. þrepi 11 ára með 58,601 stig. Sunna Kristín Gísladóttir varð í 2. sæti í 2. þrepi 12 ára og yngri með 54,135 stig. Frábær árangur hjá stúlkunum á sterku móti.

SKAUTAHÖLLIN REYKJAVÍK
Sími: 588 9705
www.skautaholl.is

Opnunartímar:
Mánud. Þriðjud og Miðvikud.
12:00 til 15:00
Fimmtudaga
12:00 til 15:00 og 17:00 til 19:30
Föstudaga
13:00 til 19:30
Laugardaga og Sunnudaga
13:00 til 18:00
Skólar og sérhópar: Mánudag til föstudags
10:00 til 15:00

Ljósmynd: Eyjólfur Garðarsson.

Grótta í úrvalsdeild

Karlalið meistaraflokks Gróttu í handbolta tryggði sér á dögunum sigur í 1. deild og þar með sæti í úrvalsdeild. Gróttuliðið hefur leikið feikivel í vetur og tapaði aðeins einu stigi, frábær árangur hjá liðinu.

Gaman verður að fylgjast með liðinu meðal þeirra bestu næstu vetur.

Grótta í undanúrslit Íslandsmótsins

Gróttustúlkur sem hafa leikið gríðarlega vel í vetur og urðu deildarmeistarar eru komnar í undanúrslit Íslandsmótsins í handbolta.

Grótta mætti Selfossi í átta liða úrslitum og vann Grótta einvígið auðveldlega 2-0. Í undanúrslitum mun Grótta leika á móti ÍBV og verður fyrsti leikurinn á Nesinu 23. apríl kl. 19:30. Hvetjum við alla Seltirninga til að mæta og styðja sitt lið. Áfram Grótta.

Nanna Íslandsmeistari í annað sinn

Nanna Guðmundsdóttir varð Íslandsmeistari unglinga í áhaldafimleikum sem fór fram í mars en það er annað árið í röð sem hún nær þessum árangri.

Nanna komst í úrslit á öllum áhöldum og varð Íslandsmeistari á stökki og gólfi og fékk brons á slá. Elín Birna Hallgrímsdóttir keppti einnig á mótinu og stóð sig vel á sínu fyrsta Íslandsmóti og varð í 11. sæti í fjölþraut og í 7. sæti á tvíslá og slá.

Nanna Guðmundsdóttir Íslandsmeistari unglinga í áhaldafimleikum 2015.

1X2
GETRAUNANÚMER GRÓTTU ER 170

Neshlaup
Trimmklúbbs Seltjarnarness

Neshlaupið verður laugardaginn 9. maí
Ræst kl. 11 við sundlaug Seltjarnarness

Þrjár vegalengdir: 3,25km, 7,5km og 15km með tímatöku.

Forskráning er opin á **hlaup.is** fram til kl. 21:00 föstudaginn 8. maí.
Afhending hlaupagagna og skráning á staðnum fer fram í íþróttahúsi Seltjarnarness frá kl. 09:00 - 10:30 á hlaupadaginn.

Frítt fyrir börn og ungmenni (fædd 1999 eða síðar) Þátttökugjald fyrir fullorðna er 1.500 kr. Neshlaupið er fjölskylduvæn skemmtun og hvetjum við foreldra og skólaböm sérstaklega til þátttöku en allir geta valið sér vegalengd við hæfi.

Fögnum 30. ára starfsafmæli TKS
með þátttöku í Neshlaupinu 2015
Fjölmargir útdráttarvinningar

Rauða ljónið
síðan 1989

HEITUR MATUR Í HÁDEGINU OG Á KVÖLDIN

TAKTU MEÐ
eða
BORÐAÐU Á STAÐNUM

Alvöru matur

Coca-Cola

SELTIRNINGUR MÁNAÐARINS

Seltirningur mánaðarins að þessu sinni er Nína Margrét Ingimarsdóttir, nemandi í 8. bekk Valhúsaskóla, hún keppti nýlega í listdansi á skautum á Special Olympics móti í Vín í Austurríki. Nína Margrét, sem er einhverf og keppir fyrir íþróttafélagið Ösp, náði mjög góðum árangri og vann til silfurverðlauna á þessu sterka móti.

Fullt nafn? Nína Margrét Ingimarsdóttir.
Fæðingard. og ár? 21. október 2001.
Starf? Nemandi í 8. bekk Valhúsaskóla.
Farartæki? Reiðhjól.
Helstu kostir? Er jákvæð og skapgóð.
Eftirlætis matur? Pizza.
Eftirlætis tónlist? Allt með Beyoncé.
Eftirlætis íþróttamaður?
Enginn sérstakur.
Skemmtilegasta sjónvarpsefnið?
Þættirnir Switched at Birth og Jessie.
Besta bók sem þú hefur lesið?
Ég er ekki dramadrottning.
Uppáhalds leikari? Debby Ryan.
Besta kvikmynd sem þú hefur séð?
Maleficent.
Hvað gerir þú í frístundum þínum?
Æfi dans í World Class og skauta með íþróttafélaginu Ösp.
Fallegasti staður sem þú hefur komið á? Sveitin mín á Núpi í Dýrafirði.
Hvað metur þú mest í fari annarra?
Trausta vináttu og glaðlegt viðmót.
Hvern vildir þú helst hitta?
Beyoncé.
Uppáhalds vefsíða?
Er mest á Instagram.
Hvað vildir þú helst fá í afmælisgjöf?
Fartölvu.
Hvað myndir þú gera ef þú ynnir 5 milljónir í happdrætti?
Bjóða fjölskyldunni í utanlandsferð og kaupa iPhone 6.
Hvað myndir þú gera ef þú værir bæjarstjóri í einn dag? Útbúa útisvæði á Seltjarnarnesi þar sem hundar geta hlaupið frjálsir og hitt aðra hunda.
Að hverju stefnir þú í framtíðinni?
Langar að læra hárgreiðslu eða snyrtifræði.
Hvað gerðir þú í sumarfríinu?
Fara á reiðnámskeið og í útilegur.

Munið Minningarkort Kvenfélagsins Seltjarnar
Til styrktar kirkjusjóði Seltjarnarneskirkju
Þau fást á Bæjarskrifstofu Seltjarnarness
Austurströnd 2 - Sími: 595-9100

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Suðurhlíð 35, Rvík. • Símar 581 3300 & 896 8242 • www.utforin.is

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242

Við flytjum á Granda 11. maí

Útibú Íslandsbanka við Lækjargötu og á Eiðistorgi verða sameinuð í nýtt og glæsilegt útibú sem verður opnað þann 11. maí nk. að Fiskislóð 10.

Þekking og reynsla
Mörg kunnugleg andlit frá báðum útibúum taka á móti viðskiptavinum. Aðstaðan verður öll hin glæsilegasta og alltaf heitt á könnunni.

Hraðbanki verður áfram staðsettur á Eiðistorgi og nálægt núverandi útibúi í miðbæ.

Nánari upplýsingar á **islandsbanki.is/grandi**

Við hlökkum til að sjá þig á Granda.
Starfsfólk Íslandsbanka á Eiðistorgi og í Lækjargötu

Skemmtilegt svæði í örum vexti
Mikil uppbygging er á Grandasvæðinu í atvinnulífi, þjónustu og verslun. Mjög gott aðgengi verður fyrir viðskiptavini bankans og fjöldi bílastæða.

islandsbanki.is Netspjall Sími 440 4000 Facebook

Íslandsbanki